

Ár 1979, þriðjudaginn 20. febrúar, var í málínu nr. 5/1979 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Árin 1977 og 1978 voru lögð fasteignagjöld á Nýja Garð við Hringbraut í Reykjavík. Hluti gjaldanna bæði árin er fasteignaskattur, og nemur hann kr. 149.703,00 árið 1977, en 400.918,00 árið 1978.

I uppboðsrétti Reykjavíkur liggja nú fyrir beiðnir Gjaldheimtunnar um uppboð á Nýja Garði til lúknings gjöldum þessum, enda hefir álagningu þessari verið mótmælt af uppboðspola, Félagsstofnun stúdenta. Hefir stofnunin með bréfi til Yfirlborgarfógeta, dags. 4. janúar, beiðst úrskurðar um lögmæti kröfu Gjaldheimtunnar.

Með bréfi Gjaldheimtunnar til Yfirlasteignamatsnefndar, dags. 8. janúar, var leitað eftir úrskurði nefndarinnar um ágreining varðandi gjaldskylduna, sbr: 3. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjuþofna sveitarfélaga.

Það er sjónarmið Gjaldheimtunnar, að umrædd fasteign falli ekki undir undanþáguákvæði þau, sem talin eru í 5. gr. 1. nr. 8/1972, og er í því sambandi minnt á úrskurð Yfirlasteignamatsnefndar, dags. 24. janúar 1978, varðandi hjónagarðsbygginguna við Suðurgötu.

Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta hefir Yfirlasteignamatsnefnd verið send ítarleg greinargerð, dags. 18. janúar 1979, og auk hennar reglugerð fyrir stúdentagarðana, útg. 19. ágúst 1975.

I áminnztri greinargerð segir m.a. svo.

Nýi Garður var tekinn í notkun haustið 1943. Fyrir byggingarframkvæmdum stóð nefnd fulltrúa frá Háskólaráði, Stúdentaráði og ríkisstjórn Íslands. Var byggingin að mestu leytti fjármögnuð af gjafafé frá ríkissjóði, sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. I byggingunni eru 64 einstakslingshebergi, ein lítil íbúð auk sameiginlegra vistarvera.

Rétt til dvalar á stúdentagörðunum eiga einungis stúdentar sem stunda reglulega nám við Háskóla Íslands og hefur ætið verið reynt að hafa leigufjárhæð í lágmarki.

Tímabilið 15. júní til 1. september ár hvert starfrækir Félagsstofnun stúdenta hótel í hluta af húsnæði Garðsins. Hefur þessi hlutdeild í húsnæði Nýja Garðs verið metin 14.79% og er því ekki mótmælt að greiða beri fasteignaskatt hlutfallslega í samræmi við það.

Þar til Félagsstofnun stúdenta tók við rekstri stúdentagarðanna fór sérstök nefnd með stjórn þeirra. Háskólaráð skipaði 2 fulltrúa, stúdentaráð 2 fulltrúa og ríkisstjórn Íslands skipaði 1. fulltrúa sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands var stofnuð með lögum nr. 33 20. apríl 1968. Menntamálaráðherra setti stofnuninni reglugerð 31. maí 1968, en stofnunin tók til starfa 1. janúar 1968.


Hlutverk Félagsstofnunar stúdenta er skv. 2. gr. laganna að annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra.


Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta er vitnað til 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, en skv. þessum ákvæðum séu skólar undanþegnir fasteignaskatti. Telur Félagsstofnun stúdenta, að skýra verði hugtakið "skólar" með hliðsjón af nútíma skólahaldi, þar með talin aðstaða til félagsstarfa og möguleikar til að stunda nám sitt án daglegrar áhyggju um afkomu sína. Einnig sé ljóst, að með skólum sé og átt við ýmsa þá starfsemi, sem tengist skóla-starfi s.s. heimavistir. Rekstur og tilgangur stúdentagarða sé á engan hátt frábrugðinn rekstri og tilgangi heimavista.


Rétt þykir að skýra hugtakið "skólar" skv. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, á þann hátt, að undir það falli þær fasteignir, sem notaðar eru sem eðlilegur þáttur í starfrækslu þeirra, svo sem heimavistiir, og skiptir það ekki máli í þessu sambandi, hvort heimavist er hluti skólahúss eða sérstök bygging. Rekstri og tilgangi Nýja Garðs þykir mega jafna til reksturs og tilgangs heimavistar. Telst bygging þessi því undanþegin fasteignaskatti að svo miklu leyti, sem hún er starfrækt í ofangreindri veru, en hins vegar ekki í þeim mæli, sem Félagsstofnun stúdenta rekur þar hótel ár hvert.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Félagsstofnun stúdenta er óskyld að svara fasteignaskatti af Nýja Garði við Hringbraut, Reykjavík árin 1977 og 1978, nema að svo miklu leyti sem félagsstofnunin hefir rekið þar hótel hvort árið.


Torfi Asgeirsson.


Magnús Thoroddsen.


Pétur Stefánsson.